

Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefnt verkkaupi og **Sportköfunarskóli Íslands,** hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

um kynningu á sportköfun í Reykjanesbæ sumarið 2006:

1. Sportköfunarskólinn tekur að sér að halda kynningu á sportköfun sumarið 2006 fyrir ungmenni (15 ára og eldri) í Reykjanesbæ.
2. Sportköfunarskólinn sér um að auglýsa ofangreinda kynningu.
3. Tómas Knútsson skilar inn til MÍT skýrslu eigi síðar en 1.september 2006 um hvernig staðið var að kynningunni, hver þátttakan var og helstu áhersluatriði skólans.
4. MÍT greiðir Sportköfunarskólanum **kr. 150.000** (hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að **kr. 75.000** greiðast við undirritun samnings og **kr. 75.000** greiðast þegar skýrsla verksala hefur borist.
5. Sportköfunarskólinn hefur aðgang að Sundhöll Keflavíkur á meðan samkomulag þetta er í gildi. Afnotin skulu vera í fullu samráði við forstöðumann Sundhallar.
6. Samkomulagið gildir til 1. september 2006.
7. Samkomulag þetta er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor aðila óskar þess.
8. Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbæ _____2006.

F.h. MÍT

F.h. Sportköfunarskóla Íslands
